

Félagsmálanefnd Alþingis
B.t. Hildar Njarðvík nefndarritara

Reykjavík, hinn 27. nóvember 2002


Efni: Umsögn BHM um tillögu til þingsályktunar um bætt starfsumhverfi fyrir kvennahreyfinguna á Íslandi (19. mál)

I

Vísað er til bréfs yðar, dags. 7. nóvember 2002, varðandi umsögn um 19. mál, þingsályktunartillögu um bætt starfsumhverfi fyrir kvennahreyfinguna á Íslandi. Eftirfarandi er umsögn Bandalags háskólamanna (BHM).

BHM styður þingmálið og leggur áherslu á sjálfstæði slíks sjóðs, sem rætt er um í a-lið tillögunar, og að í stjórn hans eigi sæti fulltrúar óháðra félagasamtaka í því skyni að ekki vakni grunur um að von um fjárframlag frá hinu opinbera hafi áhrif á starfsemi óháðra félagasamtaka, sbr. 1. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar BHM e.u.,



Gísli Tryggvason,
framkvæmdarstjóri BHM.